



---

# Fundargerð stjórnar HSI

Fimmtudagur 28. desember 2023



## **Fjórði fundur 66. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, fimmtudaginn 28. desember 2023 kl. 12.00.**

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Ragnar Lárus Kristjánsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson og Páll Þórólfsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. Skipun stjórnar  
Breyting hefur orðið á stjórn HSÍ frá síðasta fundi en Davíð Lúther Sigurðsson hefur tilkynnt um úrsögn úr stjórn vegna samstarfsamnings við Arnarlax. Ragnar Lárus Kristjánsson sem hefur varamaður í stjórn tekur sæti hans.
  - b. Styrktaraðilar  
Nýr samstarfssamningur var gerður við Arnarlax og jafnframt var endurnýjaður samstarfssamningur við Rapid. GBO rakti ferlið og jafnframt viðbrögð og stöðu HSÍ. Full samstaða er frá stjórn gagnvart þessum málum.
  - c. Starfsmannamál  
RG kynnti stöðu starfsmannamála en Anna I. Jónsdóttir hefur sagt upp störfum og mun láta af störfum í lok janúar. Er henni þökkun frá bær störf fyrir sambandið. RG og RS munu taka ráðningarferlið áfram.
  - d. HM kvenna  
RG fór yfir HM kvenna en mótið gekk mjög vel og var liðið hársbreidd frá því að tryggja sig í milliriðli. Mótið lauk með sigri í Forsetabikarnum og bjart framundan hjá liðinu og var mótið mikill skóli fyrir leikmenn og starfslíð.
  - e. Fjármál  
RG rakti stöðu fjármála en ljóst er að mikið tap er á árinu 2023 að stórum hluti vegna mikils afreksstarfs og góðs árangurs. Nú þegar er búið að bregðast við með gerð nýrra samninga og verða kostnaðarliðir skoðaðir enn frekar. Jafnframt var farið yfir stöðu umsóknar í afrekssjóð.
  - f. Verkefni framundan  
RG fór yfir hvaða verkefni eru framundan og ber þar hæst EM karla sem hefst 12. Janúar.
3. Áhorfstölur  
RÚV gaf út topp 20 lista yfir áhorf á íþróttir í vikunni og er mikið fagnaðarefni hvað áhorf á landsliðið okkar er mikið og hefur aukist aftur eftir að hafa dottið niður 2021.
4. Önnur mál  
GBO rakti stöðu sjónvarpsmála og þær viðræður sem hafa verið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari